



**ORKUSTOFNUN**

**Cobráborun við Aflagranda 40, Reykjavík.  
Athugun á undirstöðum bílskýlis**

**Birgir Jónsson,  
Þórólfur H. Hafstað**

**Greinargerð BJ-ÞHH-93-04**

## COBRABORUN VIÐ AFLAGRANDA 40, REYKJAVÍK Athugun á undirstöðum bílskýlis

Að beiðni Snæbjörns Kristjánssonar verkfræðings hjá Verkfræðistofunni Ferli var þann 15. júní 1993 borað með Cobrabor á fjórum stöðum þar sem byggja skal bílskýli við háhýsið Aflagranda 40 í Reykjavík. Vegna malbiks og steyptra mannvirkja á svæðinu var nokkuð takmarkað hvar hægt var að reka Cobrastangirnar niður. Snæbjörn hafði útvegað upplýsingar um rafmagns- og símakapla og aðrar leiðslur á svæðinu.

Cobraholumnar eru merktar 1 - 4 á meðfylgjandi korti. Þær voru staðsettar með málbandi út frá grunnlínu, sem dregin var í sigti við SV-hlið hússins. Mælt var frá húshorni, þ.e. farið undir svalirnar. Þverlínurnar sem borað var í voru í 32m og 47m fjarlægð frá þessu húshorni. Holur 1 og 2 eru á 47m línunni, í 5m og 20m fjarlægð frá grunnlínunni og holur 3 og 4 á 32m línunni í sömu fjarlægðum frá grunnlínunni.


Niðurstöður úr boruninum sýna að klöpp hallar dálítið frá Bráðræðisholti til vesturs, þ.e. vestari holurnar, 1 og 3 eru nálægt einum metra dýpri en þær eystri, 2 og 4; sjá annars meðfylgjandi bortímalínurit og staðsetningu Cobraborananna á meðfylgjandi lagnakorti frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Góð samsvörun er milli tímaferlanna. Í holu 1 virtist komið niður í grjótfyllingu (e. t. v. jaðar fyllingar undir bráðabirgðaspennustöð, sem verið er að taka niður á svæðinu). Þar var borun hætt vegna festuhræðslu þó að borinn væri ekki algjörlega stöðvaður, en þó að öllum líkindum mjög nálægt klöpp. Annars staðar virtist um klára klöpp að ræða.


Svæðið er mýrarjarðvegur, en nokkuð vel framræst, ekki síst vegna jarðvegsskipta vegna nálæggra mannvirkja og gatna, sem valda drenun. Undirstöður áður nefndrar bráðabirgðaspennustöðvar er sennilega malar eða grjótfylling sem nær niður á "fast". Við uppgröft þarf að gæta þess að nýta það góða efni sem myndar þessa fyllingu og blanda því ekki saman við moldarfleyga, sem sennilega eru til hliðar við þessa fyllingu og þarf að moka upp við uppgröft vegna bílskýlisins.

Fremur þunn "móhella" (sennilega úr siltríku sjávarseti) gæti verið ofan á klöppinni (Reykjavíkurgrágrýti) á þessum stað, en erfitt er að segja til um hvort neðsti ½ - 1 metrinn í holunum sé slíkt set, eða útjaðar malar eða grjótfyllingarinnar sem áður gat um, þó er seinni skýringin sennilegri.

Birgir Jónsson




Þórólfur H. Hafstað




# COBRABORUN VIÐ AFLAGRANDA 40, RUK

ÞÓRÓLFUR H. H.  
15. júní 1993


1.




2.




3.



4.





**ADVÖRUN - HÆTTA  
132000 VOLTA  
HÁSPENNUSTRENGUR**

3x(1x630mm<sup>2</sup>Al-PEX-132 kv)  
2 FJARSKIPTASTRENGIR 5 PARA OG 10 PARA  
1x50 mm RÖR F. LJÓSLEIDARA

3x(1x500RL-PEX)~132kv  
1x70JARÐVIR

**SKÝRING**

⊙ = COBRABORHOLA

Nr. 443  
800KVA  
400V  
**ADVEITUSTÖÐ 2  
(NÝJA STÖÐIN)**

SKA TEIKN NR.  
45.1.2189 OL 9

4x170 RR  
3x110 RR

TEIKN NR.  
45.4.3151  
BL. 21

1 cm = 5 m